



Borgarráð

Döllugata 8, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Einari Frey Einarssyni kt. 250973-3739 og Ingigerði Karlsdóttur kt. 301177-3569, Tröllakór 4, 203 Kópavogi, lóð og byggingarétti fyrir einbýlishús að Döllugötu 8. Verð byggingarréttar er kr. 11.766.000 þar af gatnagerðargjald, miðað við 345 fermetra hús, kr 10.760.895.- og er greitt fyrir byggingarrétt kr. 1.005.105.-

Greiða skal söluverð byggingarréttarins innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir staðra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og/eða innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu er áætlað kr. 399.701.- fyrir lóðina miðað við byggingavísitölu maí mánaðar og annast Veitur ohf. innheimtu gjaldsins.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs. Um skilyrði til framsals lóða og fyrir gerð lóðarleigusamnings vísast til greina númer 6 og 8 í almennum reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnum í maí 2014.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Með undirritun lóðarhafa á lóðarumsókn fólst viðurkenning hans á því, að hann hafi kynnt sér þá skilmála og reglur sem um lóðarúthlutunina og viðkomandi lóð gilda og sé reiðubúinn til þess að hlíta þeim, sbr. 6. tölulið 3. greinar almennra reglna um úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík útgefnar í maí 2014. Lóðarhafa er óheimilt að skila lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóðin er greidd og tilgreinir hann nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina áður tilvitnaðar almennar reglur um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar fyrir íbúðarhús í Reykjavík, útgefnar í maí 2014 og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðir við Reynisvatnsás. Allir þessir skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefsíðinni: reykjavik.is/lodir.

